

Ellefti fundur haldinn í Breiðabliki 2. september 2021 kl. 20:00

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Gísli Guðmundsson, Halldór Jónsson og Herdís Þórðardóttir.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Kjörgengi hreppsnefndarmanns. Vegna persónulegra aðstæðna hefur Katrín Gísladóttir flutt lögheimilið í annað sveitarfélag og því misst kjörgengi sitt í sveitarstjórn. Herdís Þórðardóttir tekur því sæti í sveitarstjórn í hennar stað.
2. Kynning á mögulegu MAB svæði (UNESCO Biosphere) á Snæfellsnesi sem Svæðisgarðurinn hefur verið að skoða. Ragnhildur Sigurðardóttir framkvæmdastjóri Svæðisgarðisins fer yfir verkefnið. Ragnhildur kynnti verkefnið fyrir sveitarstjórn en næstu skref eru þau að Ragnhildur kynni verkefnið fyrir íbúum á Snæfellsnesi og í framhaldi af því taka sveitarstjórnirnar á Snæfellsnesi ákvörðun um hvort verði farið í verkefnið.
3. Drög að erindisbréfi fyrir Fræðslu og skólanefnd. Erindisbréfið samþykkt af EK, ASS, GG og HJ, HÞ greiðir atkvæði á móti.
4. Skipaður einn fulltrúi í Fræðslu og skólanefnd ásamt 3 varamönnum. Halldór Jónsson kosin í nefndina, til vara, Guðný Gísladóttir, Guðbjörg Gunnarsdóttir og Bryndís Guðmundsdóttir.
5. Bréf dagsett 24. ágúst frá Samgöngu og Sveitarstjórnarráðuneytinu og varðar kvörtun íbúa til ráðuneytisins. Lagt fram til kynningar.
6. Framkvæmdir við útisvæði Breiðabliks. Sveitarfélagið loforð um styrk úr framkvæmdasjóði ferðamanna á síðasta ári til ákveðinna verka og haldið verður áfram við þau verk m.a. með því að malbika rútustæðin sem verður gert í haust.
7. Tilboð í fjarfundabúnað í Breiðablik. Tilboðið hljóðaðar upp á kr. 212.000,- en búnaðinn er bæði hægt að nýta í fundarherberginu sem og í salnum. Niðurstaða. Samþykkt að taka tilboði Netvöktunar.
8. Minnisblað frá Sambandinu dagsett 13. ágúst og varðar forsendur fjárhagsáætlana 2022-2026. Lagt fram til kynningar.
9. Fundargerð fjallskilaneftar frá 27. ágúst 2021. Lögð fram til kynningar.
10. Fjallskilaseðill vegna 2021. Lagður fram til kynningar.
11. Ráðning skólastjóra Laugargerðisskóla.
Niðurstaða. Samþykkt að ráða Sigurð Jónsson sem skólastjóra Laugargerðisskóla. Herdís lýsti sig vanhæfa til að taka afstöðu í málinu vegna tengsla við viðkomandi.
12. Farið yfir gjaldskrá vegna ljósleiðaratenginga. Hreppsnefnd fór yfir gjaldskrána.
13. Gjaldskrá vegna Laugargerðisskóla haust 2021 til vors 2022. Gjaldskráin samþykkt.
14. Umsókn vegna rekstrarleyfis Dreisman ehf í flokki IV vegna Hótel Rjúkanda. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt.
15. Fundarboð á haustþing SSV sem haldið verður 29. September 2021. Lagt fram til kynningar.
16. 161 fundargerð SSV frá 28 apríl 2021. Lögð fram til kynningar.
17. 161 fundargerð SSV frá 9. Júní 2021. Lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og samþykkt, fundi slitið kl. 21:46

Herdís Þórðardóttir (sign)

Halldór Jónsson (sign)

Gísli Guðmundsson (sign)

Atli Sveinn Svansson (sign)

Eggert Kjartansson (sign)